

Þriðjudaginn 12. september 1995.

Nr. 277/1995.

Júlíus A. Hjálmarsson

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Frávísun frá Hæstarétti. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. ágúst sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 20. júní 1995, þar sem bú sóknaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu varnaraðila. Sóknaraðili kveður sér ekki hafa orðið kunnugt um hinn kærða úrskurð fyrr en 18. júlí 1995, en um kæruheimild vísar hann til 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að varnaraðila verði gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili sótti ekki þing í héraði, þegar krafa varnaraðila um, að bú hans yrði tekið til gjaldþrotaskipta, var tekin fyrir á dómþingi 3. maí 1995. Í dómi Hæstaréttar 9. desember 1992 í málinu nr. 427/1992 voru ákvæði laga nr. 21/1991 skýrð með hliðsjón af reglum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á þann veg, að heimild brysti til kæru máls, þegar þannig stæði á. Ber samkvæmt því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að krafa varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi sóknaraðila var tekin til úrskurðar á dómþingi 3. maí 1995, en hinn kærði úrskurður var, sem áður segir, upp kveðinn 20. júní sl. Á þessum ólögumæta drætti er engin skýring í málinu, og ber að átelja hann.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.